

REGLUGERÐ

um (78.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvæða sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2304 frá 10. desember 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fóðurukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldri til undaneldis (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, frá 12. maí 2016, bls. 735.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2305 frá 10. desember 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa (ECC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142), sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fráfarugrísí og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Huvepharma NV). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, frá 12. maí 2016, bls. 739.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2306 frá 10. desember 2015 um leyfi fyrir L-systeínhydróklóríðmónóhýdratí sem fóðurukefni fyrir ketti og hunda. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, frá 12. maí 2016, bls. 742.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2307 frá 10. desember 2015 um leyfi fyrir menadíónnatriumbísúlfítí og menadíónnikótínamiðbísúlfítí sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, frá 12. maí 2016, bls. 745.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2382 frá 17. desember 2015 um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðurukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til varps (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, frá 12. maí 2016, bls. 750.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/104 frá 27. janúar 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðurukefni fyrir aukategundir jörturdýra til eldis og til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er Prosol SpA). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, frá 12. maí 2016, bls. 753.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. maí 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.